

Skólaráðsfundur 17. mars 2026

Mætt: Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri, Hulda Hauksdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir fulltrúar fagfólks, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsfólks, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúi foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Karen Ósk Lúthersdóttir og Fanney Grétarsdóttir fulltrúar nemenda.

Stefan C. Hardonk formaður foreldraráðs og Hámundur Örn Helgason framkvæmdarstjóri UMFN og fulltrúi grenndarsamfélagsins voru forfallaðir.

Fundur hófst kl. 8:15.

1. Kynning frá nemendum á nemendaráði Njarðvíkurskóla.

Karen og Fanney mættu fyrir hönd nemendaráðs Njarðvíkurskóla. Þær fóru yfir fjölbreytta og flotta viðburði á skólaárinu. Lögð hefur verið áhersla á að auglýsa viðburði eins vel og kostur er. Kom umræða að setja alla viðburði á Mentor.

2. Skólastjóri fór yfir skóladagatal Njarðvíkurskóla fyrir skólaárið 2026-2027. Skólaráð samþykkti skóladagatalið með undirskrift.

Rafn fór yfir drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2026-2027 sem samþykkt hafa verið af starfsfólki Njarðvíkurskóla. Hann fór yfir ýmiss atriði sem tengjast skóladagatali skólans og útskýrði dagatalið. Dagatalið var samþykkt af skólaráði og fer því næst til samþykktar hjá Menntaráði Reykjanesbæjar.

3. Önnur mál:

- Umræða um síma í Njarðvíkurskóla.
 - Fyrir hönd foreldraráðs var Hilma með hugleiðingar varðandi síma í skólanum. Rætt var um hvernig við viljum sem skóli sjá notkun á sínum í skólanum og hver staðan er í dag. Það kom fram frá fulltrúum nemenda að það eru skiptar skoðanir hvort það eigi að vera meiri takmarkanir á notkun síma en eru í dag. Rætt var um símaskápa sem gæti verið góð leið til að sporna við notkun síma í skólanum. Umræða var einnig um hvernig afþreying þyrfti að vera ef það væru ekki sínar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:10

Fundarritari: Kristbjörg Eyjólfsdóttir